

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 3. maí 1988

um breytingu á tilskipun 74/150/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum

(88/297/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Mikilvægt er að samþykkja ráðstafanir með það í huga að koma smám saman á stofn innri markaði fyrir 31. desember 1992. Innri markaðurinn á að mynda svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir.

Í II. viðauka við tilskipun 74/150/EBE ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 82/890/EBE ⁽⁵⁾, er skrá yfir hluta eða eiginleika með árituninni „SD“, sem táknar að tilskipanir bandalagsins hafi þegar verið samþykktar eða að þær beri að samþykkja. Þarflaust er að setja bandalagsreglur um suma af þessum hlutum eða eiginleikum þar sem notkun þeirra fer sífellt minnkandi í framleiðslu dráttarvéla eða annar búnaður sem nú er skylt að nota hefur leyst þá af hólmi.

Í reglum bandalagsins um EBE-gerðarviðurkenningu á dráttarvélum eru reglur um umrædda hluta eða eiginleika

sem tækniforskriftir, er sýna að þeir séu í samræmi við einstök atriði og upplýsingar framleiðanda, geta leyst af hólmi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í II. viðauka við tilskipun 74/150/EBE kemur skammstöfunin „CONF“ í stað skammstöfunarinnar „SD“ við tölul. 7.3.4, 7.5 og 7.6.3.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1988. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. maí 1988.

Fyrir hönd ráðsins,

M. BANGEMANN

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 88, 3. 4. 1987, bls. 10.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 156, 15. 6. 1987, bls. 190, og Stjttíð. EB nr. C 94, 11. 4. 1988, bls. 66.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 180, 8. 7. 1987, bls. 15.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 378, 31. 12. 1982, bls. 45.